

Reykjavík 21.7.2022



Umsögn fulltrúa sjómannasamtakanna um fyrirhugaða breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar

Með fyrirhugaðri breytingu á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar er lagt til að lögð verði skylda á skipstjóra hvalveiðiskipa til að tilnefna dýravelferðarfulltrúa úr áhöfn fyrir hvert skip sem bera skuli ábyrgð á því að rétt sé staðið að velferð hvala við veiðar. Er velferðarfulltrúa gert að halda skrá yfir allar aðgerðir er varða veiðarnar, mynda þær á myndband og skrá þær niður, og koma þessum gögnum til eftirlitsdýralæknis eftir hverja veiðiferð.

Við undirritaðir fulltrúar sjómannasamtakanna mótmælum fyrirhugaðri reglugerðarbreytingu.

Við teljum ótækt að skipstjóri sé settur í það hlutverk að tilnefna einn úr áhöfn í slíkt eftirlitshlutverk og sú mikla ábyrgð sem því fylgir sé lagt á áhafnar meðlim hvalveiðiskips. Um er að ræða íþyngjandi breytingu sem kemur til með að hafa í för með sér kostnað, enda staðan sú að miðað við fjölda í áhöfn hafa allir áhafnar meðlimir hlutverk við veiðarnar. Ekkert kemur fram í breytingartillögunni um það hver skuli bera þann kostnað.

Veltum við því upp hvort ekki væri hægt að ná sama markmiði með viðurhlutaminni aðgerðum. Eftirlit á ekki að koma í hlut skipstjóra og áhafnar, ríkið getur ekki útvistað eftirlitshlutverki sínu til þeirra aðila sem eftirlit er haft með.

Árni Bjarnason formaður Félags skipstjórnarmanna
Guðmundur Helgi Þórarinnsson formaður VM-Félags vélstjóra og málmæknimanna
Valmundur Valmundsson formaður Sjómannasambands Íslands
Árni Sverrisson framkvæmdastjóri Félags skipstjórnarmanna
Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands